

## Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals

Ár 2017, mánudaginn 12. febrúar, var haldinn 109. fundur hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Arbæjar og Grafarholts og hófst hann kl. 17.00. Viðstödd voru: Ragnar Karl Jóhannsson, Margrét Sverrisdóttir og Óttarr Örn Guðlaugsson. Einnig voru viðstödd Kristinn Steinn Traustason og Björn Ingi Björnsson fulltrúar íbúasamtaka Úlfarsárdals, Þórir Jóhannsson, fulltrúi íbúasamtaka Grafarholts, Linda Jónsdóttir fulltrúi Framsóknar og flugvallavina og Sólveig Reynisdóttir, framkvæmdastjóri ÞÁG. Fundarritari var Trausti Jónsson.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 29. nóvember 2017, þar sem óskað er eftir umsögn hverfisráðsins um drög að lýðræðisstefnu Reykjavíkur.

Hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð telur drög að lýðræðisstefnu ágætlega unna með tilliti til félagslegra og lýðræðislegra þátta. Ráðið vill þó ítreka fyrri gagnrýni á hugmyndir um slembival á fulltrúum í hverfisráð og telur að endurskoða þurfi lýðræðisstefnuna í ljósi þeirrar gagnrýni.

2. Fram fer umræða um fyrirspurn íbúasamtaka Úlfarsárdals um framkvæmdir í Úlfarsárdal.  
Hverfisráð tekur undir óskir íbúasamtaka um stöðu framkvæmdaáætlunar og lóðaúthlutana í Úlfarsárdal.

4. Fram fer umræða um úthlutunarreglur hverfissjóðs Reykjavíkur.

Hverfisráðs Grafarholts og Úlfarsárdals leggur fram svohljóðandi bókun.

Hverfisráð Grafarholts og Úlfarsárdals fagnar úthlutunarreglunum og gerir engar athugasemdir við þær.

5. Lögð fram útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. janúar 2018, um drög að tillögu um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 – 2030.

### Fundi slitið kl. 18.12

Ragnar Karl Jóhannsson

Margrét Sverrisdóttir

Óttarr Örn Guðlaugsson